

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún.

1. gr.

Þegar Flateyrarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg eða götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Flateyrarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. jan. 1974. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi undir yfirstjórn sveitarstjóra, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt, skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, oliur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, er hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.10% af fasteignamatnsverði húsa og lóðar, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — pr. íbúð. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð

með lögveði í húseigninni, án tillits til eigendaskipta, næstu þrjú ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flat-eyrarkauptún frá 3. maí 1945 og breytingu frá 1. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1974.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

7. mars 1974.

Nr. 99.

AUGLÝSING

**um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfja-
greiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 10. júlí 1972.**

Frá og með 18. mars 1974 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 10. júlí 1972.

Samkvæmt því fellur niður ákvæðið um sérstakt afhendingargjald fyrir sérlyf. Þess í stað fer um afhendingargjald sérlyfja eftir reglum vinnugjaldskrár í Lyfja-
verðskrá I.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

7. mars 1974.

Nr. 100.

AUGLÝSING

um breytingu við Lyfjaverðskrá I nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Ný vinnugjaldskrá nr. 1 c tekur gildi frá og með 18. mars 1974. Jafnframt er úr gildi felld vinnugjaldskrá nr. 1 b frá 15. nóvember 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.